

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 92/1991. **Skarphéðinn Ólafsson**

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

Heiðari Guðbrandssyni

(Arnmundur Backman hrl.).

Ærumeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Af blaðafregnum þeim, sem urðu tildrög máls þessa, má ráða, að ósætti hefur orðið með málsaðilum. Sakar stefndi áfrýjanda um að hafa ekki haldið uppi aga, en áfrýjandi ásakar stefnda um að hafa lagt hendur á nemendur. Frásagnir þessar eru færðar í stílinn, og er sú framsetning á ábyrgð blaðsins, en ekki áfrýjanda. Fram er komið, að stefndi lenti í handalögmálum við nemendur, þótt þar með sé ekki sagt, að hann hafi átt upptök að þeim. Í Orðabók Menningarsjóðs er talið, að orðtakið að leggja hendur á einhvern þýði að snerta einhvern eða beita handafla við einhvern. Samkvæmt því felur orðtakið ekki í sér eindregna skírskotun til líkamlegs ofbeldis. Í blaðafregnunum lýsir hvor sínum skoðunum. Telja verður í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, að ummæli áfrýjanda séu innan marka þess tjáningarfrelsis, sem varið er af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Skarphéðinn Ólafsson, skal sýkn af kröfum stefnda, Heiðars Guðbrandssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. nóvember 1989 af Heiðari Guðbrandssyni, kt. 120447-4409, Árnosi, Súðavík, gegn Skarphéðni Ólafssyni, kt. 101046-3549, Súluhólum 4, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. að aðdóttun sú um ætlaðar barsmiðar við nemendur Héraðsskólans á Reykjanesi af hálfu stefnanda, sem fram kemur í fyrirsögn á bls. 4 í 117. tbl. 15. árg. DV 26. maí 1989, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að eftirgreind ummæli í sömu frétt verði dæmd dauð og ómerk:

„Það er sannað, að brytinn lagði hendur á nemendur oftár en einu sinni, og eitt sinn fékk hann nemanda til að berja frá sér, og þegar sá nemandi losnaði, nefbraut hann kokkinn. Brytinn er sá eini, sem hefur lagt hendur á nemendur, og þegar þannig er, tel ég ekki hægt að hafa slíkt starfsfólk.“,

3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 50.000 kr. í miska-bætur ásamt vöxtum [.....].

4. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [.....].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við málskostnaðarfjárhæðina á tólf mánaða fresti og þannig látnir mynda nýjan vaxtaberandi höfuðstól með sömu vöxtum og að framan er krafist.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 26. maí 1989 hafi birst frétt á bls. 4 í DV undir fyrirsögninni: „Bryta Héraðsskólans í Reykjanesi sagt upp störfum: Lagði hendur á nemendur,- segir skólastjórinn, en einn nemandinn nefbraut brytann.“

Undir greindri fyrirsögn hafi síðan verið höfð eftir stefnda ummæli þau, sem tilgreind eru undir öðrum kröfulið.

Stefnandi telji, að í umræddum ummælum stefnda felist gróf meiðyrði í sinn garð, enda augljóst, að þau séu aðallega höfð uppi í þeim tilgangi að sverta mannorð stefnanda.

Þegar stefnandi kom til starfa í Héraðsskólanum í Reykjanesi, hafi verið illdeilur milli skólastjóra og skólanefndar skólans og agaleysi verið mikið. Trúnaður milli skólastjóra og skólanefndar hafi verið í lágmarki, og skólastjórinn hafi haft litla stjórn á nemendum. Ljóst sé, að stefndi hafi ekki gegnt því hlutverki, sem honum bar. Hann hafi ekki sýnt þá samstöðu og þann trúnað, sem þurft hafi við erfiðar aðstæður. Hafi því ábyrgð vegna samskipta við nemendur að mestu leyti lent á öðrum starfsmönnum skólans, þ. á m. stefnanda.

Í kjölfar kæru eins nemanda skólans á hendur stefnanda vegna líkamsárásar hafi stefnandi farið fram á rannsókn á ætlaðri líkamsárás, því að um hafi verið að ræða ávirðingar, sem ekki varð unað við að óbreyttu. Hafi stefnandi farið fram á það við skólanefnd og fræðslustjóra, að þeir létu rannsaka málið. Ekki var orðið við þeirri beiðni, og hafi stefnandi óskað eftir því við sýslumann, að hann léti fara fram rannsókn í málinu, en sýslumaður hafnað því.

Málsástæður stefnanda eru þær, að umrædd ummæli séu mjög ámælisverð og feli í sér mjög alvarlegar ásakanir í garð stefnanda og fjölskyldu hans. Þau séu einnig mjög ábyrgðarlaus í ljósi þess, að aldrei hafi verið gerðar athugasemdir við störf stefnanda. Honum hafi verið treyst fyrir bók-haldi mötuneytisins og rekstri sumarhótels á staðnum. Hvorki skólastjórinn né skólanefnd Héraðsskólans í Reykjanesi hafi gert tilraun til að upplýsa ætlaðar ávirðingar á hendur bryta.

Í ljósi þessa, sem lýst hafi verið hér að framan, sé augljóst, að greind ummæli stefnda í DV frá 26. maí 1989 á bls. 4 hafi verið órökstudd og þarflaus með öllu og því meiðandi fyrir æru stefnanda, Heiðars Guðbrands-sonar.

Kröfu um ómerkingu reisir stefnandi á 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda séu ummæli þau, sem höfð séu eftir stefnda, ósönn með öllu.

Kröfu um miskabætur kveður stefnandi styðjast við 246. gr. laga nr. 19/1940.

Stefndi kveður málavexti þá, að haustið 1987 hafi stefnandi verið ráðinn af skólanefnd Héraðsskólans í Reykjanesi sem bryti. Hafi hann starfað við skólann skólaárin 1987-1988 og 1988-1989. Hafi hann rekið sumarhótel í húsakynnum skólans sumurin 1988 og 1989.

Eins og fram komi í samhljóða köflum í stefnu og greinargerð stefnanda, viðurkenni stefnandi að hafa tekið að sér að halda uppi aga í skólanum. Stefnandi viðurkenni einnig í viðtali í DV að hafa fjarlæggt nemanda úr

borðsal, og þar með lýsi stefnandi því yfir, að hann hafi lagt hendur á nemanda.

Stefndi hafi á engan hátt staðið að því, að það, sem eftir honum sé haft í tilvitnuðu blaði, væri birt í blöðum. Hann hafi eindregið lagt til, að ekki væri verið að fjalla um ætluð deilumál í skólanum í fjölmiðlum, enda hafi verið mjög gott samstarf milli stefnda, nemenda og foreldra þeirra. Agavandamál virðist því ekki hafa komið fram nema í huga stefnanda.

Það sé rangt, að stefndi hafi borið upp á stefnanda ærumeiðandi ummæli, og hann hafi engan þátt átt í því að koma því á framfæri, að stefnandi legði hendur á nemendur. Kjarni málsins sé sá, að stefndi og stefnandi hafi ekki haft sömu skoðanir á því, hvernig ætti að halda uppi aga í skóla. Með þessum aðgerðum sínum virðist stefnandi hafa fengið meiri hluta nemenda á móti sér. Kvartanir út af þessum athöfnum stefnanda hafi nemendur lagt fyrir skólanefnd héraðsskólans, eins og fram komi í orðum þeim, sem höfð séu eftir formanni skólanefndar í DV, en þar segi orðrétt: „Ástæðan fyrir því, að skólanefnd tók þá afstöðu að auglýsa stöðu brytans lausa, voru lýsingar nemenda á því, að hann hefði lagt hendur á þá.“

Á útmánuðum 1989 og fram á sumar virðist fjölmiðlar og þá einkum DV, en fréttamaður þess sé Vilborg Davíðsdóttir, blaðamaður hjá BB á Ísafirði, hafa sérstakan áhuga á að koma á framfæri þeim vandamálum, er stefnandi hafi átt við að stríða í Héraðsskólanum á Reykjanesi.

Stefndi hafi strax tekið þá afstöðu að taka ekki þátt í fréttaflytningi sem þessum og hafi ekki viljað efna til deilna á opinberum vettvangi um mál, sem í eðli sínu hafi verið innanhúsmál skólans og skólanefndar. Greinilegt sé þó, að stefndi hafi haft ástæðu til að mótmæla rógburði þeim, sem um hann og skólann hafi verið hafður, ekki síst af stefnanda, og þurfi ekki að fara öllu lengra en í fram lögð skjöl, og sé þeim ummælum, sem þar séu viðhöfð um stefnanda í niðrandi tilgangi einum saman, harðlega mótmælt sem röngum og tilefnislausum. Það sé því ekki með vitund og vilja stefnda, að það, sem fréttamaðurinn hefur eftir honum í DV, var birt í blaði þessu.

Ljóst sé af gögnum þeim, er stefnandi leggur fram, að hann viðurkenni að hafa lagt hendur á nemendur eða a. m. k. einn nemanda, og í sama blaði komi fram hjá skólanefndarformanninum Jóni Guðjónssyni, að stefnandi hafi lagt hendur á nemendur, þannig að það atriði sé fullkomlega sannað.

Í ljósi þess, sem þar kemur fram, og þegar litið er á þá opinberu umræðu, sem fram fór um vandamál stefnanda í skólanum, sé ljóst, að hann sjálfur hefur átt drýgstan hlut í því að koma á framfæri umræðu um þann atburð, sem stefnandi sé í raun að krefjast ómerkingar á í máli þessu, að undanskildum blaðamanninum. Stefnandi ætti því að eiga við sjálfan sig um mál

Þetta eða beina kröfum sínum í aðrar áttir en til stefnda. Með þessu sé athygli dómsins vakin á því, að tilefnið til hinnar opinberu umræðu sé greinilega frá stefnanda komið. Því sé allsendis hafnað, að stefndi hafi haft nokkur þau ummæli um stefnanda eða í hans garð, sem séu þess edlis, að ómerkja beri þau með dómi. Bent sé á, að stefndi sé ekki höfundur að fyrirsögninni, sem sé á bls. 4 í umræddu tölublaði DV, sem sett sé upp í æsifrættastíl.

Fébotakröfu stefnanda, sem hann byggi á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sé og með öllu hafnað, þar sem stefndi hafi ekki á nokkurn hátt haft í frammi refsiverða meingerð gegn persónufriði eða æru stefnanda eða drýgt af illfýsi aðra meingerð í hans garð. Hér hafi verið um að ræða ágreining milli manna um það, hvornig standa skuli að því og hvaða vinnubrögðum skuli beita til að halda uppi aga í heimavistar-skóla í sátt við sem flesta aðila.

Niðurstaða.

Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefnandi eigi einhvern hlut að fyrirsögn greinarinnar, sem ummæli þau, sem ómerkingar er krafist á, eru tekin úr. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta kröfulið.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að ummæli samkvæmt öðrum kröfulið hér að framan og krafist er ómerkingar á, séu réttilega eftir sér höfð í viðtali við blaðamanninn Vilborgu Davíðsdóttur. Verður því að telja, að kröfum um ómerkingu þessara ummæla sé réttilega beint að stefnda í máli þessu.

Upplýst er, að stefnanda var ljóst, að Vilborg Davíðsdóttir var á þeim tíma, sem um ræðir, blaðamaður, sem var að leita fréttu af því, er var að gerast í Reykjanesskóla, og að afla upplýsinga um stefnanda, Heiðar Guðbrandsson. Mátti stefndi því búast við, að þær upplýsingar, sem hann gæfi, yrðu birtar opinberlega.

Stefndi hefur borið, að hann hafi í nefndum ummælum verið að vísa til atburðar, er gerðist í janúarmánuði 1989. Þá hafi Heiðar ætlað að fara með dreng, sem látið hafi illa á vistargangi, til skólastjóra, stefnda í máli þessu. Ekki hafi tekist betur til en svo, að drengurinn sló stefnanda í andlitið. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, nefbrotnaði stefnandi við þetta högg drengsins. Bar stefndi, að þessu máli hefði lokið með sátt milli nemandans og stefnanda. Þá bar stefndi fyrir dómi, að sér væri kunnugt um tvö tilvik, þar sem stefnandi hefði lent í átökum við nemendur í borðsal skólans, og væri annað tilvikið það, sem stefnandi vitnaði til í viðtali við Vilborgu Davíðsdóttur í DV þennan sama dag. Bar stefndi um þetta atvik, að stefnandi hefði tekið í axlir á strák, sem hefði

eitthvað stimpast við, og þetta endað með því, að sá, sem var stærri og sterkari, hefði haft betur og hent viðkomandi út úr í matsalnum.

Um fyrrgreint atvik, er gerðist í janúarmánuði 1989, hefur stefnandi borið, að hann hafi fundið að því við nemanda, að hann væri með hávaða og læti á vistargangi, sem truflaði fólk að störfum. Hafi nemandinn reiðst og slegið stefnanda þrisvar, og við þriðja högg hafi stefnandi nefbrotnað. Hafi stefnandi þá ætlað að færa nemandann til skólastjóra, en þá hafi hann slitið sig lausan.

Um fullyrðingu stefnanda um átök í borðsal bar stefnandi, að hann og eiginkona sín hefði eitt sinn orðið að bera nemanda út úr borðsal, er neitað hefði að fara úr borðsalnum. Nemandinn hefði ekki streist á móti, og mótmælti stefnandi því, að nemandinn hefði hlotið áverka við þetta.

Stefndi hefur ekki mótmælt því, eins og áður greinir, að hafa viðhaft þau orð, sem tilgreind eru í umstefndum ummælum, og er því byggt á því í málinu, að þau séu höfð eftir stefnda, eins og þau eru sett fram í nefndri blaðagrein.

Ekkert þeirra vitna, er skýrslu gáfu fyrir dómi, gátu borið um atvik það, er gerðist á vistargangi í Reykjanesskóla í janúar 1989. Gegn andmælum stefnanda telst því ósannað, að stefnandi hafi átt upptök að því missætti, sem þar varð, eða að hann hafi fengið umræddan nemanda til að berja frá sér. Þegar virt er það, sem fram hefur komið í málinu, þykir einnig ósannað, að stefnandi hafi í umræddu tilviki eða í annan tíma lagt hendur á nemendur, enda verður að telja, að samkvæmt almennri málvenju felist í orðatiltækinu „að leggja hendur á einhvern“, að viðkomandi sé beittur líkamlegu ofbeldi.

Teljast umstefnd ummæli því ósönn að undanskildum þeim hluta setninga, er segir: „...nefbraut hann kokkinn“, en ágreiningur er ekki um það í málinu, að stefnandi nefbrotnaði. Þá þykir í ummælum þessum um stefnanda felast ærumeiðandi aðdróttun, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber því skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau.

Stefnandi krefst miskabóta, 50.000 kr. Með hliðsjón af því, að í umræddum ummælum felst ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda, þykir mega taka miskabótakröfuna til greina ásamt þeim dráttarvöxtum, sem tilgreindir eru í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skarphéðinn Ólafsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla samkvæmt fyrsta kröfulið.

Eftirgreind ummæli skulu vera dauð og ómerk:

„Það er sannað, að brytinn lagði hendur á nemendur oftár en einu sinni, og eitt sinn fékk hann nemanda til að berja frá sér, og þegar sá nemandi losnaði Brytinn er sá eini, sem hefur lagt hendur á nemendur, og þegar þannig er, tel ég ekki hægt að hafa slíkt starfsfólk.“

Stefndi, Skarphéðinn Ólafsson, greiði stefnanda, Heiðari Guðbrandssyni, 50.000 kr. í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 26. maí 1989 til 13. febrúar 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
